




Vefrit fjármálaráðuneytisins

20. desember 2007

Allir fá þá eitthvað fallett, í það minnsta kerti og spil

Þessar hendingar er að finna í inngangsljóðinu í kveri Jóhannesar úr Kötlu, Jólín koma, sem kom út í fyrsta sinn árið 1932, fyrir 75 árum síðan. Í því er að finna mjög mörg af vinsælustu jólakvæðum þjóðarinnar sem hafa lifað með henni síðan enda hefur það verið gefið út 24 sinnum. Einhverjum þætti það heldur þunnur þrettándi að fá einungis kerti og spil í jólagjöf í dag og skáldið gefur í skyn að flestir hafi mátt vænta einhvers meira. Að sjálfsögðu voru efni manna almennt minni í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar en nú á dögum. Skáldið var kennari vestur í Döllum þegar kverið kom út en það kann engu að síður að hafa haft áhrif á ljóðið að í auglýsingu í Morgunblaðinu í desemberbyrjun kemur fram að innflutningsbann hafði verið á leikföngum allt árið og því hefur ef til vill verið minna vöruúrval en annars. Í blöðum fyrir jóln 1932 er ekki að finna margar auglýsingar kaupmanna um leikföng eða jólagjafir barna utan spil. Kerti voru auglýst en að mestu til að skreyta jólatré. Í einni auglýsingu kemur fram að spil kosti 45 aura en í öðrum auglýsingu kosta þau 6 og 10 krónur en að sjálfsögðu hafa spil verið misjafnlega dýr þá eins og nú. Á þessum tíma voru laun verkamanns í Reykjavík 1 króna og 36 aurar og þau laun héldust óbreytt þegar kreppan mikla var í hámarki frá 1931 til 1936. Það var því hægt að kaupa þrenn spil af ódýrari gerðinni fyrir tímalaunin. Síðan þá hefur margt breyst meðal annars verðlag og kaupgjald. Verðbreytingar hétu þá dýrtíð og urðu ekki að verðbólgu fyrr en löngu síðar. Að mati Hagstofunnar hefur almennt neysliverð (án húsnæðis) hækkað 26 þúsundfalt frá árinu 1932. Verkamannalaun hafa hækkað að minnsta kosti 55 þúsundfalt frá sama tíma og því hefur kaupmáttur lægstu launa meira en tvöfaldast en langmestur hluti þeirrar aukningar hefur orðið til á allra síðustu árum en fram til 1996 hafði kaupmátturinn aðeins aukist um 50%. Samsetning neyslunnar hefur breyst mikið. Að nauðsynjavöru undanskilinni var árið 1932 ekki til nema órlítið brot þess sem neytt er í dag. Bæði ódýr og dýr spil eru eitthvað dýrari nú en þau voru þá. Í dag er ekki hægt að fá nema rúmlega tvenn spil fyrir lágmarkstímalaunin. Jóláeplin eru aftur á móti miklu ódýrari en þau voru árið 1932 enda eru þau ekki lengur munaðarvara. Til að vinna fyrir þeim í dag þarf einungis 1/10 af þeim tíma sem þurfti þá. Jólín koma, sem er hægt að fá nú eins og þá, kostaði 1,50 kr. árið 1932 en kostar 747 krónur í dag. Það er tæplega 50 þúsundföld hækking og hefur um það bil haldið í við verkamannalaunin enda hefur innihaldið haldið gildi sínu fullkomlega og vaxið ef eitthvað er.



Skattaumsýsla stórfyrirtækja

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um breytingar á skattaumsýslu stórra og umsvifamikilla fyrirtækja, en þeim hefur fjölgað mjög hratt héraendis á örfáum árum. Þar á vaxandi útrás íslenskra fyrirtækja stóran hlut að máli. Við slíkar aðstæður verða viðskipti oft afar flókin enda lagalegt umhverfi séð frá sjónarhóli skattareglna sem annarra, oftar en ekki ólíkt milli landa, bæði að uppbyggingu og eðli. Þetta breytta umhverfi kallar á aukna sérfræðipækkingu á öllum sviðum og meiri sérhæfingu í allri umsýslu gagnvart þessum aðilum.

Þessi þróun er ekki séríslensk heldur er hún alþjóðlegt fyrirbæri sem löndin í kringum okkur hafa verið að bregðast við með ýmsu móti. Flest þeirra fara þá leið að setja á fót sérstakar stjórnsýslueiningar í skattkerfinu sem annast alla skattalega umsýslu og þjónustu við þessa aðila. Það á til dæmis við um hin Norðurlöndin og virðist þetta fyrirkomulag hafa gefið góða raun.

Ýmsir mælikvarðar hafa verið notaðir við mat á því hvaða fyrirtæki teljist vera stórfyrirtæki. Algengast er þó að það mat byggist á umsvifum þeirra í formi veltu og/eða eigna. Í frumvarpinu er lagt til að þessum fyrirtækjum verði skipað undir einn hatt á grundvelli viðmiðana um tekjur og eignir af tiltekinni stærðargræðu. Þannig teljist félag stórfyrirtæki ef rekstrartekjur þess að meðtöldum fjármagnstekjum skv. ársreikningi eru 10 milljarðar króna eða meiri, eða heildareignir þess skv. ársreikningi 5 milljarðar króna eða meiri. Aðeins annað þessara skilyrða þarf að vera uppfyllt til að félag teljist stórfyrirtæki.

Í dag dreifast umrædd fyrirtæki á nær öll skattumdæmi landsins, sem sum hver hafa ekki yfir að ráða því sérhæfða starfsfólki sem til þarf til að þjónusta slíka aðila. Þetta hefur í einhverjum tilvikum leitt til þess að álitamál þeim tengd hafa ekki fengið úrlausn sem skyldi né heldur hafa viðkomandi fyrirtæki fengið þá þjónustu sem eðlilegt er að skattkerfið veiti. Verði frumvarpið að lögum verður forræðið varðandi skattaleg úrlausnarefni þeirra fyrirtækja á hendi eins skattstjóra, sem hefur hefðbundið framkvæmdar- og úrskurðarvald í málum sem þeim tengjast óháð því hvar á landinu þau hafa skráð heimili. Með því fyrirkomulagi skapast möguleikar á að tryggja að skattlagning samþæfilegra eða tengdra fyrirtækja sem hafa mikil umsvif verði samþæfari og skilvirkari en verið hefur.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum lögaðila fyrir árið 2007 vegna rekstrar ársins 2006 falla 249 fyrirtæki undir ofangreindar viðmiðanir. Þar af eru 170 fyrirtæki, eða 70% af heild, með skattalegt heimilisfesti í Reykjavík þó að innan við helmingur af heildarfjölda lögaðila sé skráður þar. Jafnframt sýna upplýsingar úr skattframtölum að stórfyrirtækin í Reykjavík eru margfalt umfangsmeiri en flest þeirra sem eru annars staðar, bæði er varðar tekjur og eignir. Á ljósi þessa er talið rökrétt, eins og fram kemur í tillögu frumvarpsins, að skattaumsýsla stórfyrirtækja, sem rekin verður sem sérhæfð stjórnsýslueining, falli undir Reykjavíkurdæmi og verði þar með á forræði skattstjórans í Reykjavík.

Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2008

Á árinu 2008 verður ritið þjóðarbúskapurinn gefið út fjórum sinnum, bæði á íslensku og ensku. Á vetrar- og sumarmánuðum verða gefnar út endurskoðaðar þjóðhagsspár til tveggja ára í senn. Þessar skýrslur eru stuttar, með færri tölflum í viðauka og verða einungis birtar á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri tölflur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjárfraukalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðallangs tíma, eða fjögurra til fimm ára í senn, og ítarlegum tölfluviðauka. Haustspáin er jafnframt byggð á nýjum forsendum um ríkisfjármálin sem felast í fjárfraugumvarpinu. Vor- og haustskýrslur eru gefnar út á prentuðu formi á íslensku og á vef fjármálaráðuneytisins á íslensku og ensku. Útgáfuaætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2008:

15. janúar 2008	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2009
15. apríl 2008	Þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2012
24. júní 2008	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2010
1. október 2008	Þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2012



Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Næsta vefrit kemur út 10. janúar 2008.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,8	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,9	16,6
Eignarskattar	-37,0	24,9
Skattar á vöru og þjónustu	10,3	8,3
Tryggingagjöld	16,6	5,9
Tekjur alls	-8,4	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – október		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	-16,0	20,0
Heilbrigðismál	0,9	10,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,6	18,1
Efnahags- og atvinnumál	71,0	15,2
Menntamál	12,7	12,5
Gjöld alls	6,3	14,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – október		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (des.)	7,0	5,9
Kjarnaverðbólga (des.)	7,0	5,8
Launavísitala (nóvember)	10,5	8,3
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,2	0,9